

# Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

## Starfsskýrsla 2021



***BROKEY***

*SIGLINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR*

## Stjórnir, nefndir og starfsfólk

Yfirlit yfir stjórnir og nefndir félagsins á árinu 2021.

### Stjórn

Ólafur Már Ólafsson, formaður  
Marcel Mendes da Costa, gjaldkeri  
Gunnar Haraldsson, ritari  
Arnar Freyr Jónsson  
Íris Ólafsdóttir  
Hólmfríður K. Gunnarsdótti, varamaður  
Ragnar Tryggvason, varamaður

### Kænudeild

Marcel Mendes da Costa, íþróttafulltrúi  
Gunnar Haraldsson

### Húsbygginganefnd

Ólafur Már Ólafsson  
Úlfur Helgi Hróbjartsson

### Bryggjustjóri

Arnar Freyr Jónsson

### Keppisnefnd

Baldvin Björgvinsson, formaður

### Heimasíðunefnd / Samskiptamiðlar

Áki Guðni Karlsson  
Baldvin Björgvinsson  
Magnús Arason

### Skoðunarmenn

Snorri Tómasson  
Valgeir Magnússon

### Starfsmenn félagsins

---

#### *Starfsmenn*

Arnar Freyr Sigurðsson  
Ólafur Már Ólafsson

#### *Starfsmenn kænudeildar*

Gunnar Kristinn Óskarsson, yfirþjálfari  
Atli Gauti Ákason  
Ásgeir Kjartansson  
Hólmfríður K. Gunnarsdóttir  
Árni Friðrik Guðmundsson  
Hjalti Björn Bjarnason  
Ólafur Áki Kjartansson  
Hrafnkell Stefán Hannesson

## FÉLAGSSTARFIÐ

Félagstarfið gekk mjög vel síðastliðið sumar þrátt fyrir Covid 19, auðvitað þurfti fólk að passa sig og gerði það og það gerði það að verkum að starfsemin gekk með ágætum. Við áttum 50 ára afmæli þann 7. febrúar 2021 en partiíð var haldið á bryggjunni á Ingólfsgarði þann 12. júní með pomp og prakt. Fjöldi gesta mættu og tóku þátt í gleðskapnum.

Eftir aðalfund í janúar var ný stjórn var kosin og skipti hún með sér verkum á fyrsta fundi í byrjun febrúar.

Félagsmenn komu saman í sumar og smíðuðu pall á milli skúranna á Ingólfsgarði sem gjörbreytti þeirri aðstöðu til hins betra. Við fengum úthlutað stöðugildi í sérstöku átaki vinnumálastofnunnar og við réðum inn frábæran starfsmann sem heitir Arnar Freyr Sigurðsson. Hann stóð sig virkilega vel og sá m.a. um húsnæði félagsins, keppnir og keppnishald, móttaka gestaskútna ásamt öðrum tilfallandi verkum á vegum félagsins.



## Afrekssjóður

Stjórn félagsins ákvað á fundi að leggja sjóðnum til 250.000 kr. Ekki voru neinar styrkveitingar á þessu ári. Staðan á sjóðnum í lok árs er 411.187 kr.

## Kjölbátadeild

Kranadagur félagsins var í Gufunesi sunnudaginn 25. apríl og gekk mjög vel. Töluverður fjöldi báta var við bryggju félagsins við Ingólfsgarð í sumar og vantaði okkur í raun pláss.

Gestaskútum fjölgaði umtalsvert í sumar miðað við árið áður en alls komu 38 skútur í sumar og stoppuðu í samtals 174 daga. Eins og áður þá kom slæmt veður með haustinu og bryggjan skemmdist töluvert þar sem útleggjarar rifu sig lausa. Gera má ráð fyrir því að Faxaflóahafnir fari í viðgerðir á bryggjunni í vor.

Kranadagur var síðan laugardaginn 16. október 2021 og gekk ágætlega.

## MBL-Mótaröðin

Þriðjudagskeppnirnar heppnuðust mjög vel í sumar en alls tókst sigla 20 keppnir. Sú fyrsta var 4. maí og sú síðasta 14. september. Alls tóku 12 bátar þátt í sumar en það var Íris sem sigraði nokkuð örugglega með 24 stig.

*Úrslit í MBL-Mótaröðinni 2022*

Sæti	Bátur	Forgjöf	Félag	Stig
1	Íris	0,888	Brokey	24
2	Sigurborg	0.924	Ýmir	33
3	Dögun	0.839	Brokey	45

### Opnunarmót kjölbáta

Var haldið 15. maí og gekk í alla stað mjög vel. Að venju var siglt frá Reykjavík og til Hafnarfjarðar en það er Siglingafélagið Þytur sem sér um mótið.

#### Úrslit Opnunarmót kjölbáta 2021

Sæti	Bátur	Félag
1	Sigurborg	Ýmir
2	Ísmolinn	Hafliði
3	Íris	Brokey

### Hátíð hafsins

Keppnin var haldin 4. júní við erfiðar aðstæðir, mikill vindur var í brautinni og m.a. Besta skemmdi mastur og varð að draga sig úr keppni.

#### Úrslit hátíð hafsins 2021

Sæti	Bátur	Félag
1	Ísmolinn	Hafliði
2	Íris	Brokey
3	Dögun	Brokey

### 50 ára afmælimót kjölbáta

Það voru einungis þrjú bátar sem tóku þátt í 50 ára afmælimótinu en vindur var töluverður.

#### Úrslit 50 ára afmælimót kjölbáta 2021

Sæti	Bátur	Félag
1	Ísmolinn	Hafliði
2	Íris	Brokey
3	Dögun	Brokey

### Faxaflóamót kjölbáta

Eins og áður þá var það haldið í samstarfi Siglingafélags Reykjavíkur - Brokey og Sigurfara á Akranesi fór fram við frábærar aðstæður dagana 19. og 20. júlí. Siglt var til Akraness um morguninn (start kl. 10:00) og kallast sá leggur „Spretturinn“ og eru veitt sérstök verðlaun fyrir fyrsta sætið í þeim leggi. Það var Gulla granna frá Brokey sem sigraði sprettinn með nærri 6 mínútum eftir leiðréttan tíma. Í alla staði heppnaðist allt vel og var þetta virkilega skemmtileg siglingahelgi. Keppnisstjóri var Arnar Freyr Sigurðsson starfsmaður Brokeyjar.

#### Úrslit Faxaflóamótsins 2021

Sæti	Bátur	Félag	K1	K2	Stig
1	Ísmolinn	Hafliði	2	1	3
2	Gulla granna	Brokey	1	3	4
3	Sigurborg	Ýmir	3	2	5
4	Sigurvon	Brokey	3	4	7
5	Besta	Brokey	4	5	9
6	Ásdís	Brokey	6	6	12

*Úrslit í Spretinum, Reykjavík-Akranes 2021*

Sæti	Bátur	Félag	Forgjöf	Sigldur tími	Leiðr. tími
1	Gulla granna	Brokey	0,939	03:08:29	02:56:59
2	Ísmolinn	Hafliði	0,975	03:07:35	03:02:54
3	Sigurborg	Ýmir	0,924	03:21:07	03:05:50


**Íslandsmót kjölbáta**

Mótið var haldið af Siglingafélaginu Pyt í Hafnarfirði dagana 11. til 14. ágúst. Mótið heppnaðist mjög vel og virkilega spennandi. Í raun réðst það síðasta keppnisdaginn og má segja að það hafi verið spenna í loftinu þegar úrslit voru lesin upp.

*Úrslit í Íslandsmóti kjölbáta 2021*

Sæti	Bátur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	K6	K7	Stig
1	Íris	Brokey	2	(3)	2	2	1	1	1	9
2	Besta	Brokey	1	(4)	1	1	2	4	3	12
3	Sigurborg	Ýmir	3	(5)	3	3	3	3	5	20



### Lokamót kjölbáta

Eins og venja er þá heldur Siglingafélaginu Ýmir lokamót kjölbáta ár hvert, en siglt er frá Reykjavíkurhöfn inn í Nauthólsvík.

#### Úrslit Lokamóts kjölbáta 2021

Bátur	Félag	Sæti
Dögun	Brokey	1
Sigurborg	Ýmir	2
Besta	Brokey	3



### Seglskútunámskeið - Sigurvon

Kjartan Vífill Iversen var aðalkennari á námskeiðum á Sigurvon í sumar og stóð sig með stakri þrýði. Aldrei fyrr hafa jafn margir sótt námskeið á kjölbát áður. Þátttakendur voru samtals 58 og sjá má upplýsingar hér fyrir neðan.

#### Seglskútunámskeið

58 þátttakendur

32 kk (55%)

26 kvk (45%)



### Nýliðahópur – Gulla granna

Philippa Rytkönen kom sterk inn í félagsstarfið í sumar og stóð fyrir því að við stofnuðum sérstakan Nýliðahóp sem hefur það að markmiði að fagna og bjóða ungt fólk sem lítið siglt um ævina að koma og sigla og taka þátt í félagsstarfinu. Til að byrja með var Sigurvon nýtt í þetta verk en eftir að mastrið kom á Gullu grönnu þá var hún tekin í þetta verkefni.

#### Nýliðahópur

14 þátttakendur

9 kk (64%)

5 kvk (36%)

Meðalaldur: 25 ár

Aldur: 19 til 35 ára



## Gestaskútur við Ingólfsгарð

Eins og áður er sagt þá fjölgaði gestaskútum umtalsvert á milli síðustu tveggja ára og vonandi fjölgar þeim einn frekar á næsta ári.

*Tölulegar upplýsingar um gestaskútur síðustu ára*

Ár	Fjöldi seglbáta	Meðallengd	Meðalfjöldi í áhöfn	Heildarfjöldi siglara	Meðaldagafjöldi
2021	38	19,4	Ekki vitað	Ekki vitað	5
2020	17	16,9	4,4	75	5
2019	57	16,8	4,2	241	4
2018	94	15,7	3,8	358	5,6

## Lokabrok

Var haldið samkvæmt dagskrá þann 18. september og veitt voru verðlaun fyrir fyrstu sætin á MBL mótariðinni. Skemmtilegt kvöld í góðum félagsskap.

## Kænudeild

Kænustarfið í sumar gekk mjög vel í sumar og Gunnar Kristinn Óskarsson var yfirþjálfari og stjórnaði starfinu en honum til halds og traust var hópur starfsmanna sem við fengum í gegnum ráðningastofu Hins Hússins og Vinnuskóla Reykjavíkur. Nýtt tölvukerfi, Sportabler var tekið í notkun um vorið, en þetta er svipað og kerfi sem við vorum með fyrir nema töluvert fullkomnara.

### Byrjendanámskeiðar

33 þátttakendur  
 18 kk (55%)  
 15 kvk (45%)  
 Meðalaldur: 11,25 ára.  
 Aldur: 8 til 13 ára

### Æfingarhópur

26 þátttakenda  
 19 kk (73%)  
 7 kvk (27%)  
 Meðalaldur: 15 ára.  
 Aldur: 9 til 28 ára

Siglinganámskeiðin í Nauthólvík voru nánast full í sumar ef á heildina er litið. Boðið var upp á nokkur tveggja vikna siglinganámskeið í júní og júlí sem voru fyrir hádegi. Eftir hádegið voru svo opnar æfingar fyrir B æfingahópa og seinnipartinn svo A æfingahópurinn.

Æfingarhópar félagsins samanstendur af fjölda siglingamanna sem æfa reglulega yfir sumarið. Eins og áður þá bætist í hópinn þegar líður á sumarið og stærstur er hópurnir á Íslandsmóttinu sem haldið var í ágúst. Að auki var boðið upp á æfingar í Nauthólvík langt fram eftir hausti.

Síðastliðið vor var ákveðið í stjórn félagsins að kaupa tvo nýja RS Quest báta, en þessir bátar henta vel til kennslu fyrir alla aldurshópa. Áætlun sumarsins var m.a. að við myndum bæta við okkur námskeiðum á þessum bátum fyrir fullorðna. Því miður urðu tafir á afgreiðslu bátanna og þeir komu ekki fyrir en um haustið og því nýttust þeir okkur ekkert að ráði. Það eru spennandi tímar fram undan þar sem við bjóðum upp á námskeið á þessum bátum næsta sumar.



Á námskeiðunum er notast við 9 Optimista og 3 Topper Topaz, en þeir geta tekið 2 siglara. Síðarnefndu bátarnir eru orðnir frekar gamlir.

### Opnunarmót kæna

Fór fram hjá Ými, keppt var í opnum flokki og sigldar voru þrjár keppnir.

Úrslit mótsins urðu þannig:

#### Úrslit í Opnunarmóti kæna 2021

Sæti	Nafn	Bátur	Félag	K1	K2	K3	Stig
1	Tara Ósk Markúsdóttir	ILCA 6	Þytur	1	1	1	3
2	Haukur Birgisson	ILCA 6	Ýmir	5	3	2	10
3	Þorsteinn Aðalsteinsson	Europe	Ýmir	3	4	4	11

### 50 ára afmælistmót Brokey, kænur

Var haldið af Brokey og fór fram í Nauthólsvík 12. júní. Keppt var í opnum flokki og sigldar voru fjórar keppnir.

Það voru átta þátttakendur og mótið heppnasðist vel í alla staði.

Miðsumarmót kæna fór fram hjá Siglingafélaginu Þyt í Hafnarfirði. Sigldar voru alls sex keppnir.

Úrslit mótsins urðu þannig:

#### Úrslit í 50 ára afmælistmóti Brokey, kænur

Sæti	Nafn	Bátur	Félag	K1	K2	K3	K4	Stig
1	Tara Ósk Markúsdóttir	ILCA 6	Þytur	4	3	1	1	9
2	Aðalsteinn Jens Loftsson	RS AERO 9	Ýmir	3	1	4	2	10
3	Hrafnkell Stefán Hannesson	ILCA 4	Brokey	1	4	2	5	12

### Æfingabúðir

Fóru fram á Húsavík í ár og stóð yfir frá 27. júní til 3. júlí. Æfingadagskrá byrjaði að morgni sunnudagsins 30. júní og æft var alla daga fram að fimmtudegi. Föstudag og laugardag var svo haldið Æfingabúðamót. Það var ágætis hópur siglara sem mætti og tók þátt í búðunum í ár. Fjölmargir sjálfboðaliðar og fyrirtæki í bænum gerðu sitt til að láta þetta allt heppnast með ágætum og þar ber að þakka sérstaklega Norðursiglingu fyrir virkilega góða aðstoð. Þjálfari Brokeyjar Gunnar Kristinn Óskrssson var yfirþjálfari búðanna eins og áður.





### Íslandsmót kæna

Það var Nökkvi sem hélt Íslandsmót kæna í ár dagana 4. og 8. ágúst. Mótið gekk með þrýði en alls tóku þátt 38 keppendur á 37 bátum í sex flokkum. Alls voru sigldar sjö umferðir. Fjöldi sjálfboðaliða koma að þessu móti og þökkum við þeim að sjálfsögðu fyrir frábært starf.

#### Úrslit á Íslandsmóti kæna 2021

##### Optimist A

Sæti	Nafn	Bátur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	K6	K7	Stig
1	Daníel Ernir Gunnarsson	Optimist	Brokey	1	1	1	3	1	(6)	2	9
2	Högni Halldórsson	Optimist	Brokey	4	3	(7)	1	2	3	1	14
3	Noe Schwoerer	Optimist	Nökkvi	(5)	2	2	4	3	1	5	17

##### Optimist B

Sæti	Nafn	Bátur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	K6	K7	Stig
1	Alegra Schwoerer	Optimist	Nökkvi	2	1	1	2	(3)	1	1	8
2	Gísli Valberg Jóhannsson	Optimist	Nökkvi	1	2	(6)	3	1	3	2	12
3	Lára Rún Keel Kristjánsdóttir	Optimist	Nökkvi	(3)	3	2	1	2	2	3	13

##### RS Tera

Sæti	Nafn	Bátur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	K6	K7	Stig
1	Þórhildur Lilja Einarsdóttir	RS Tera	Nökkvi	2	(6)	6	1	1	1	2	13
2	Magdalena Sulova	RS Tera	Nökkvi	1	2	1	2	(4)	4	3	13
3	Ragnheiður Inga Matthíasdóttir	RS Tera	Nökkvi	3	3	2	4	(5)	3	1	16

##### ILCA 4 (Laser 4.7)

Sæti	Nafn	Bátur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	K6	K7	Stig
1	Hrafnkell Stefán Hannesson	ILCA 4	Brokey	(1)	1	1	1	1	1	1	6
2	Hjalti Björn Bjarnason	ILCA 4	Brokey	4	(5)	2	5	3	2	2	18
3	Iða Ósk Gunnarsdóttir	ILCA 4	Þytur	2	3	3	2	5	(6)	5	20

##### ILCA 6 (Laser Radial)

Sæti	Nafn	Bátur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	K6	K7	Stig
1	Þorlákur Sigurðsson	ILCA 6	Nökkvi	1	1	1	1	1	(2)	1	6
2	Daði Jón Hilmarsson	ILCA 6	Nökkvi	(8)	3	3	2	2	1	2	13
3	Tara Ósk Markústóttir	ILCA 6	Þytur	(8)	2	2	3	5	4	5	21

##### Opinn flokkur

Sæti	Nafn	Bátur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	K6	K7	Stig
1	Aðalsteinn Jens Loftsson	RS Aero 9	Ýmir	(1)	1	1	1	1	1	1	6
2	Mahaut/Snædís	RS FEVA	Nökkvi	(2)	2	2	2	2	2	2	12

## Akureyrar- og lokamót kæna

Fór fram 28. ágúst á Akureyri. Nokkrir Brokeyingar fóru norður og gerðu góða hluti.

### Úrslit Akureyrar- og lokamóts kæna 2021

#### Optimist

Sæti	Nafn	Bátur	Félag
1	Marek	Optimist	Þytur
2	Högni Halldórsson	Optimist	Brokey
3	Jóhannes Andreas	Optimist	Þytur

#### RS Tera

Sæti	Nafn	Bátur	Félag
1	Magdalena Sulova	RS Tera	Nökkvi
2	Þórhildur Lilja Einarsdóttir	RS Tera	Nökkvi
3	Gísli Jóhannsson	RS Tera	Nökkvi

#### RS Feva

Sæti	Nafn	Bátur	Félag
1	Mahut Matharel og Snædís Brynja Traustadóttir	RS Feva	Nökkvi
2	Benedikt Orrí Arnason og Elias Joaquin Burgos	RS Feva	Ýmir
3	Helga Haraldsdóttir og Hólmfríður Haraldsdóttir	RS Feva	Ýmir

#### ILCA 6 (Laser Radial)

Sæti	Nafn	Bátur	Félag
1	Hólmfríður Gunnarsdóttir	ILCA 6	Brokey
2	Þorlákur Sigurðsson	ILCA 6	Nökkvi
3	Hulda Lilja Hannesdóttir	ILCA 6	Brokey

#### Opinn flokkur

Sæti	Nafn	Bátur	Félag
1	Aðalsteinn Jens Loftsson	RS Aero 9	Ýmir
2	Markús Pétursson	Ekki vitað	Þytur

#### Áramót

Ýmis féll niður í ár vegna Covid (samgöngutakmarkana í þjóðfélaginu).

Það verður ekki annað sagt en að Brokeyingar hafi staðið sig með mikilli þryði á öllum þeim mótum sem haldin voru í sumar. Keppnishópurinn fer stækkandi og gaman að sjá hvað hópurinn leggur sig fram á þeim mótum sem hann tekur þátt í. Ekki má gleyma að þakka foreldrum og sjálfboðaliðum félagsins fyrir allt það óeigingjarna starf sem það gerir fyrir félagið. Án þessa hóps þá væri þetta ekki hægt.

## Húsnæðisnefnd

Því miður þá gerðist ekki mikið hjá okkur varðandi húsnæðismálin á Ingólfsgarði eins og vonir stóðu til. Teikningar liggja inni hjá Faxaflóahöfnum en það er komið upp á okkur að leggja fram raunhæfa kostaðaráætlun og hvernig við ætlum að fjármagna bygginguna. Það sem tafði aðalega þessa vinnu er að við þurfum að bretta upp ermar til að berjast fyrir tilvist kænudeildar félagsins, en það kom í ljós að það svæði sem við ætluðum okkur fyrir utan brú var langt frá því að vera okkar. Í framhaldi af þessu þá höfum við í þessari nefnd átt ótal fundi með starfsmönnum Reykjavíkurborgar með aðstoð Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) til að finna farsæla lausn á þessu alvarlega máli. Niðurstaða liggur því miður ekki enn fyrir þegar þetta er ritað og ljóst að við þurfum að halda þessari mjög svo tímafreku baráttu áfram næstu mánuði.

Þegar þetta liggur fyrir og ef tækifæri gefast verður vonandi fundinn lausn á húsnæðismálum félagsins við Ingólfsgarð.

## Framtíðin

Það er orðið staðfest að okkur er búið að takast að koma kænudeild félagsins inn í árlegt styrktarkerfi ÍTR & ÍBR í samræmi við það sem önnur íþróttafélög búa við, þ.e. að Brokey fái árlegan styrk fyrir rekstri kænudeildar félagsins og því ekki þörf á að sækja um árlega í þann pott sem við höfum hingað til þurft að sækja í. Með þessu móti er hægt að sjá mun lengra fram í framtíðina og gera raunhæfari áætlanir um rekstur deildarinnar.

Eftir sem áður þurfum við að sækja um styrki fyrir báta og búnaðarkaupum sérstaklega til ÍTR.

Á árinu munum við halda áfram að berjast fyrir aðstöðu fyrir Kænudeild félagsins ásamt nýju húsnæði fyrir félagið á Ingólfsgarði.

Fyrir hönd stjórnar, Ólafur Már Ólafsson, formaður